

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- Í stað orðanna „óháð kynþætti og þjóðernisuppruna“ í c-lið 4. tölul. kemur: utan vinnu-markaðar.
- Í stað orðanna „Almannavarna- og öryggismálaráð“ í b-lið 7. tölul. kemur: Almannavarnaráð.
- Við 7. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa.

2. gr.

Á eftir a-lið 30. tölul. 2. gr. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Landskjörstjórn.

3. gr.

Á eftir y-lið 4. tölul. 3. gr. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Sorgarleyfi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- Á eftir k-lið 2. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma.
- Á eftir f-lið 8. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði.
- E-liður 9. tölul. fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- Á eftir 6. tölul. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Endurnot opinberra upplýsinga.
- Á eftir 7. tölul., sem verður 8. tölul., kemur nýr töluliður sem orðast svo: Viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- Á eftir orðinu „Lyf“ í a-lið 4. tölul. kemur: þ.m.t. dýralyf.
- Á undan orðinu „Rafrettur“ í g-lið 5. tölul. kemur: Nikótínvörur.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

1. Á eftir m-lið 2. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Áhafnir skipa.
2. Q-liður 2. tölul. fellur brott.
3. Á eftir m-lið 5. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Fasteignaskrá og fasteignamat.
4. Á eftir q-lið 5. tölul., sem verður r-liður, kemur nýr stafliður sem orðast svo: Yfirfasteignamatsnefnd.
5. Orðin „fasteignaskrá og fasteignamat“ í 7. tölul. falla brott.
6. B-liður 7. tölul. fellur brott.

8. gr.

O-liður 2. tölul. 8. gr. fellur brott.

9. gr.

Q-liður 2. tölul. 10. gr. fellur brott.

10. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1. og 5. mgr. 78. gr.“ í r-lið 2. tölul. 12. gr. kemur: 112. gr.

11. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. janúar 2023.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.